

Alþingi  
Erindi nr. P 127/931  
komudagur 27.2.2002

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvisun

26. febrúar 2002

HJ/01.1

Tilv. 2002020115

## Efni: Umsögn um 135. mál - smásöluverslun með áfengi


Háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd

Framsál ÁTVR á einkaleyfi til smásölu áfengis er að mati undirritaðs jafngildi þess að afnema einkaleyfið. Verslun ÁTVR verður tæplega rekin við hlið verslunar í einkarekstri. Benda má lögbundið er, að ÁTVR selji vöru sína á jafnaðarverði um land allt. Flestar einkareknar verslanir utan höfuðborgarsvæðisins yrðu því að búa við samkeppni við ríkisverslun, sem greiddi niður flutningsgjöld og ýmsan sameiginlegan kostnað í rekstri ÁTVR. Miðað við þau viðhorf, sem ríkjandi eru í málum, er snerta samkeppni fyrirtækja, yrði slík mismunum í rekstrarskilyrðum vart þoluð. Á höfuðborgarsvæðinu myndi hins vegar halla á ÁTVR.

Ekki er ljóst hvað felst í banni við aðgangi væntanlegra leyfishafa að innkaupakerfi ÁTVR. Sé hér átt við, að ÁTVR megi ekki selja leyfishöfum vöru, þarf að líta til tveggja atriða:

1. Af hverjum eiga leyfishafar að kaupa tóbak ?
2. Hvernig eiga starfsmenn vinnubúða að þekkja leyfishafa er óskar viðskipta í verslunum ÁTVR ?

Virðingarfyllt,  
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

  
Höskuldur Jónsson

SKRIFSTOFUR  
STUDLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK  
SÍMI 560 7700 FAX 560 7757  
www.atvr.is • atvr@atvr.is

